



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi nefndasvið
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2021.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940 (barnaníðsefni, hatursorðræða, mismunun o.fl.), þskj. 1189, 710. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) fagnar frumvarpi þessu og telur þær breytingar sem í því felast tímabærar, einkum þá að við ákvörðun hegningar, sbr. 70. gr. hegningarlaga (hgl.), beri að taka til greina hvort brot megi rekja til nánar tilgreindra atvika er varða brotþola persónulega og brot þannig af meiði hatursglæpa. Í skýrslu sinni um hatursorðræðu, útg. 2012, lagði MRSÍ enda til að annað tveggja yrði sett sérstakt ákvæði í hgl. eða að bætt yrði við mgr. í 70. gr. laganna sem heimili að meta það til refsipýngingar ef brot grundvallast á einhvers konar fordómum. Með fyrirhugaðri breytingu eru stjórnvöld því að mæta þessari tillögu og jafnframt að uppfylla tilmæli nefndar Sameinuðu þjóðanna um afnám alls kynþáttamisréttis (CERD), sem fram komu í lokaathugasemdum skýrslu nefndarinnar, dags. 29. ágúst 2019.

Í skýrslu sinni lagði MRSÍ jafnframt til að gerðar verði breytingar á hgl. svo saksækja megi vegna hatursorðræðu á grundvelli almannahagsmuna og lýðræðissjónarmiða. Hvetur skrifstofan enn til slíkrar breytingar.

MRSÍ styður og að bætt verði við nýrri málsgrein við 70. gr. hgl., um refsipýngingu ef brot er framið í nærveru barns yngra en 15 ára.

MRSÍ tekur einnig undir tillögur þær sem lagt er til að gerðar verði á ákvæðum 180. gr. og jafnframt 210. gr. a hegningarlaga, einkum hvað varðar skilgreiningu á barnaníði og að dreifingu verði bætt í upptalningu verknaðaraðferða (210. gr.a). Jafnframt styður skrifstofan nýtt ákvæði, 3. mgr., við 210. gr. a, sem mælir fyrir um að ákvæði 1. og 2. mgr. 210. gr. a gildi ekki um þann sem býr til, skoðar eða hefur í vörslum sínum myndefni sem sýnir barn 15, 16, eða 17 ára á kynferðislegan hátt ef sá sem ef sá sem efnið sýnir hefur veitt samþykki sitt og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Þó skal áhersla lögð á það að dreifing slíks myndefnis er ætíð refsiverð ef samþykki þess sem myndefnið er af er ekki fyrir hendi. Loks telur skrifstofan til bóta að bætt verði við nýju ákvæði, 210. gr. c, er mæli fyrir um innbyrðis ítrekunartengsl ákvæða 210. gr. a og 210. gr. b.

MRSÍ telur rýmkun ákvæðis 233. gr. a afar jákvæða. Ljóst er að hatursfull og ógnandi tjáning er fjölbreytt og getur komið fram á margvíslegan hátt sem og á hvaða vettvangi sem er og því



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

mikilvægt að löggjöf landsins endurspegli þá þróun sem orðið hefur á samskiptamiðlum samfélagsins. MRSÍ hefur hvatt stjórnvöld til að fullgilda viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvuglæpi þar sem í honum felast mikilvæg ákvæði til að bregðast við hatursorðræðu á internetinu sem og á öðrum vettvangi.

MRSÍ vill einnig koma eftirfarandi á framfæri:

Í 1. tl. 242. gr. almennra hegningarlaga segir að brot skv. 233. gr. a skuli sæta opinberri ákæru, án þess að sá sem misgert var við krefjist þess. Þrátt fyrir þetta berast lögreglu ekki margar tilkynningar um brot gegn ákvæðinu. Á þetta jafnt við tilkynningar frá brotaþolum sjálfum sem og þriðja aðila. Ástæðan þar að baki gæti m.a. verið sú að almenningur sé ekki á verði gagnvart slíkum brotum eða þekki ekki lögin nægilega vel. Einnig hefur MRSÍ fengið upplýsingar um að lögregla hafi ekki tekið við tilkynningum frá þriðja aðila. Slíkt er ekki ásættanlegt og ljóst að ekki nægir að gera lagaákvæðið víðtækara heldur þarf að breyta bæði framkvæmd hjá lögreglu sem og að auka fræðslu til almennings. Ákvæðinu er ætlað að auka réttarvernd þeirra hópa í samfélaginu sem að eiga á hættu að vera mismunad á grundvelli þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynvitundar eða kynhneigðar og, ef breytingartillögurnar ná fram að ganga, þjóðernis- eða þjóðlegs uppruna (í stað þjóðernis áður), fötlunar og kyneinkenna. Oft vita þessir hópar ekki hver réttarstaða þeirra er í þessum málum eða þora ekki að koma fram og tilkynna brot gegn sér, því er mikilvægt að lögreglan geti sjálf aðhafst í þessum málum, að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu annarra.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri